

Fundur haldinn í stjórn Siðfræðistofnunar 8. júní 2011 í fundarherbergi Norræna hússins. Fundurinn hófst kl. 11:45.

Mættir voru allir stjórnarmenn: Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Solveig Anna Bóasdóttir og Vilhjálmur Árnason, formaður stjórnar, sem stýrði fundi.

Þetta gerðist:

1. Formaður bauð stjórnarmenn velkomna og baðst afsökunar á að ekki lægi fyrir **fundargerð** frá síðasta stjórnarfundi, 17. nóvember 2010. Fram kom að forstöðumaður væri í launalausum leyfi vegna starfa sinna í Stjórnlagaráði.

2. Samningur við Rannsóknastofnun um háskóla um verkefnið „Eflingu kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði“.

Lagt fram bréf frá Páli Skúlasyni, stjórnarformanni Rannsóknastofnunar um háskóla til stjórnarformanns Siðfræðistofnunar og forstöðumanns Heimspekistofnunar, dags. 11. apríl 2011. Einnig lögð fram lýsing á verkefninu.

Formaður gerði grein fyrir verkefninu. Fram koma að óformleg verkefnastjórn væri þegar tekin til starfa og starfsmaður hefði verið ráðinn. Einnig væri búið að ráða tvo sumarsstarfsmenn með styrkjum frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og Vinnumálastofnun.

Nokkur umræða varð um málið sem fékk góðar undirtektir. Rætt var um fjármögnunarmöguleika og svigrúm Siðfræðistofnunar til að leggja fé til verkefnisins.

Samþykkt var að heimila starfsmönnum verkefnisins afnot af herbergi Siðfræðistofnunar, 306 í Gimli, í tvo mánuði og að styrkja verkefnið að auki um kr. 300 þús.

3. Erindi til Alþingis um hugsanlegt „Landsiðaráð“.

Lagt fram bréf frá stjórnarformanni Siðfræðistofnunar til forseta Alþingis, dags. 8. febrúar 2011. Í bréfinu er lagt til að sett verði á stofn Landsiðaráð

sem hefði það markmið að efla upplýsta umræðu um siðfræðileg álitamál og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Landsiðaráð myndi starfa í nánu samstarfi við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og njóta starfskrafta hennar. Svar hefði borist 2. maí s.l. frá ritara forsætisnefndar þess efnis að forsætisnefnd hefði samþykkt að senda erindið til allsherjarnefndar áður en forsætisnefnd tæki ákvörðun um frekara framhald málsins. Nokkur umræða varð um málið þar sem fram kom að ástæða væri til að fylgja erindinu eftir, svo sem með samtölum við fulltrúa í allsherjarnefnd.

4. Viljayfirlýsing um samstarf Þekkingarseturs um samfélagsábyrgð fyrirtækja og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands 2011–2014.

Lögð fram viljayfirlýsing um að Siðfræðistofnun og Þekkingarsetrið muni skoða fjölbreytta möguleika á samstarfi til að efla og miðla þekkingu um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Nokkur umræða varð um málið, þar á meðal um hugsanlega hagsmunaárekstra. Fram kom að fara þyrfti með gát í samstarfi við einkafyrirtæki sem er umhugað að bæta ímynd sína, en þar sem um viljayfirlýsingu er að ræða en ekki formlegan samning var erindið samþykkt.

5. Fjárhagstaða Siðfræðistofnunar og framtíðarhorfur.

Lagt fram Fjárhagsyfirlit frá áramótum til og með apríl 2011.

Allmikil umræða varð um fjárhagsstöðu stofnunarinnar og lýstu stjórnarmenn áhyggjum sínum af henni. Brýnt sé að finna fjármögnunarleiðir ef starfsemi stofnunarinnar á að geta gengið með þeim hætti sem verið hefur.

6. Önnur mál

Stjórnarformaður gerði grein fyrir hugsanlegu samvinnuverkefni Siðfræðistofnunar, Eþíkos, stofnunar um samfélagsábyrgð og Skálholtsskóla um námskeið fyrir bankamenn um „Integrity and reputation“. Hugmyndin er að fá erlenda fyrirlesara á tveggja daga námskeið haustið 2011.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13:30.